



ENDURSKOÐUN
Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Ráðning endurskoðenda



Félög löggiltra endurskoðenda

Fyrir liggja breytingar á tilskipunum ESB sem kalla á breytingar á löggjöf um ráðningartíma endurskoðenda fyrir einingar tengdar almannahagsmunum

Mikilvægt er að átta sig á þeim reglum sem gilda þegar endurskoðandi er ráðinn, þar á meðal hver tekur ákvörðun um ráðninguna, ráðningartíma og hafa þarf í huga kröfur um óhæði. Reglur eru breytilegar eftir eðli starfseminnar en hér verður farið yfir það helsta sem varðar ráðningu endurskoðenda.

Allir þeir aðilar sem á annað borð eru bókhaldsskyldir eru skyldugir til að gera ársreikninga. Í 98. grein laga um ársreikninga nr. 3/2006 er tilgreint hvenær félög skulu kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag.

Um skyldu annarra aðila til að kjósa endurskoðendur fer eftir sérlögum. Þannig ber t.d. lífeyrissjóðum og sveitarfélögum ávallt að ráða löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækni til að endurskoða ársreikninga sína. Samkvæmt 96. gr. laga um ársreikninga kýs aðalfundur endurskoðendur.

Við einingar tengdar almannahagsmunum, sem samkvæmt lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 teljast vera lögaðilar með skráð verðbréf, lífeyrissjóðir, lánastofnanir og váttryggingafélög, skulu starfa endurskoðunarnefndir. Með skipun slíkrar nefndar er m.a. leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar sem og óhæði endurskoðanda einingarinnar. Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda.

Ef ekki er annað áskilið í lögum eða í samþykktum fyrirtækis eða samið er um annað helst starf endurskoðanda þangað til annar endurskoðandi tekur við. Endurskoðandi getur þó látið af störfum áður en ráðningartíma hans lýkur en þá ber honum

og eftir atvikum stjórn þess aðila sem í hlut á að tilkynna starfslok endurskoðandans og ástæður þeirra til Endurskoðendaráðs. Ekki er hægt að segja upp samningi um endurskoðun vegna ágreinings um reikningsskilareglur eða endurskoðunaraðferðir.

Í langflestum tilfellum gera samþykktir ráð fyrir því að kosning endurskoðenda sé meðal fastra dagskráratriða á aðalfundi. Í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 eru ákvæði sem kveða á um að ráðningartími endurskoðenda hjá fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum sé 5 ár í senn. Að þeim árum liðnum má ekki kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni að nýju.

Fyrir liggja breytingar á tilskipunum Evrópusambandsins sem kalla á breytingar á löggjöf um ráðningartíma endurskoðenda fyrir einingar tengdar almannahagsmunum hér á landi. Þannig er aðildarríkjum Evrópusambandsins skylt að innleiða löggjöf sem gerir útskiptingu endurskoðunarfyrtækja (e. mandatory audit firm rotation) að skyldu með þeim hætti að endurskoðunarfyrtækni getur annast endurskoðun fyrir einstakt fyrirtæki að hámarki í 10 ár.

Aðildarríkjum er heimilt að framlengja ráðningartímabilið um allt að önnur 10 ár en þá eingöngu ef útboð á endurskoðunarþjónustu viðkomandi fyrirtækis hefur farið fram í lok fyrra tímabils. Hámark ráðningartímabils er því samanlagt 20 ár.

Áður en endurskoðandi tekur að sér verkefni þarf hann að meta hvort hann uppfylli kröfur um óhæði samkvæmt lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 og hvort hann og teymi hans búi yfir nægilegri hæfni og getu til að leysa verkefnið. Samkvæmt fyrrnefndum lögum skal hann vera óháður viðskiptavininum, bæði í reynd og á sýnd. Við mat á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna fyrir endurskoðendur sem finna má á heimasíðu Félags löggiltra endurskoðenda (www.fle.is). Í 290. kafla siðareglunnanna er fjallað ítarlega um óhæði endurskoðenda. Samkvæmt siðareglum skal endurskoðandi leggja mat á alla þá þætti sem geta ógnað óhæði hans, bæði í reynd og á sýnd. Þær reglur setja skorður á fleiri en bara þá sem vinna við tiltekið endurskoðunarverkefni, eins og meðeigendur og nánustu fjölskyldu þeirra svo eitthvað sé nefnt.

Þegar félag skiptir um endurskoðanda skal sá sem tekur við snúa sér til fráfarandi endurskoðanda, sem ber skylda til að upplýsa um ástæður fyrir starfslokum. Jafnframt skal fyrri endurskoðandinn veita hinum nýja endurskoðanda aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um félagið.

Þegar endurskoðandi hefur samþykkt að taka að sér verkefnið þarf að ganga frá ráðningabréfi milli stjórnar og endurskoðandans til að tryggja að sameiginlegur skilningur sé á því hvað felst í endurskoðuninni og hver sé ábyrgð hvors aðila.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 5. júní 2014 bls. 12.